

Ed.

391. Nefndarálit

[208. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft til umfjöllunar tvö frv. um breytingu á sveitarstjórnarlögum, að hluta til samhljóða, þ. e. varðandi það atriði að færa kosningar til sveitarstjórna yfir á laugardaga.

Fyrri frv., sem er á þingskjali 321, var flutt af fjórum þm. sem sæti eiga í allshn. Ed., þeim Salome Þorkelsdóttur, Stefáni Jónssyni, Stefáni Guðmundssyni og Eiði Guðnasyni, og fjallar frv. eingöngu um breytingu á 17. gr. sveitarstjórnarlaganna, þ. e. að færa kjördag yfir á laugardaga, til samræmis við lög um kosningar til Alþingis, en sömu flm. fluttu frv. um það efni sem varð að lögum í des. s. l.

Síðar var svo lagt fram á þingskjali 347 stjfrv. um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961. 1. gr. þess frv. er samhljóða fyrri frv. varðandi breytingu á 17. gr., en einnig er í 2. gr. frv. lögð til breyting á 18. gr. þessara laga.

Með tilliti til þess, að nefndin er sammála um að báðar þessar breytingar nái fram að ganga, er lagt til að afgreiða málið á þann veg að mæla með samþykkt þessa frv., sem felur í sér báðar breytingarnar. Jafnframt flytur nefndin breytingartillögu við 2. gr. frv. á sérstöku þskj.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja brtt. við frv.

Alþingi, 25. febr. 1982.

Eiður Guðnason,
form.

Jón Helgason.

Ey. Kon. Jónsson,
fundaskr.

Stefán Jónsson.

Egill Jónsson.

Salome Þorkelsdóttir,
frsm.

Stefán Guðmundsson.